



Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Hafnarstræti 5
101 Reykjavík

24. mars 2024

EFNI: Umsögn Reykjavíkurborgar

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (skilyrði fyrir skammtímaleigu, miðlun upplýsinga, tímabinding rekstrarleyfa)

Reykjavíkurborg hefur borist til umsagnar drög að ofangreindu frumvarpi, úr samráðsgátt stjórnvalda. Reykjavíkurborg fagnar frumvarpinu, og þeim tillögum sem þar eru gerðar til að mæta áherslum um jafnvægi á húsnæðismarkaði og að fleiri íbúðir í þéttbýli nýtist sem íbúðir á hinum almenna húsnæðismarkaði, m.a. með breyttum reglum um skammtímaleigu.

Reykjavíkurborg þakkar fyrir það tækifæri að rita umsögn um drögin, og vill með umsögn sinni góðlátlega benda á nokkur atriði, sem bæði styrkja texta og anda frumvarpsins, og gæti verið mikilvægt að taka til skoðunar. Reykjavíkurborg leggur einnig til ábendingar sem gætu skýrt efni frumvarpsins og markmið þess nánar, og stuðlað að jafnræði og skýrleika frumvarpsins, verði það að lögum.

Hér í umsögninni mun Reykjavíkurborg fyrst útlista því lagaumhverfi sem um ræðir og málsmeðferð við útgáfu rekstrarleyfa og umsagnargerðar hjá borginni, og svo leggja fram einstaka athugasemdir við frumvarpsdrögin.

1. Skipulag. Almennt um lagaumhverfi og skipulagsskilmála, markmið og málsmeðferð umsóknar um rekstrarleyfi vegna atvinnustarfsemi

1.1. Markmið laga nr. 85/2007 og málsmeðferð

Þau sem hyggjast stunda atvinnustarfsemi sem fellur undir gistiflokka II–IV og veitingastaðaflokka II og III skulu hafa til þess rekstrarleyfi útgefið af leyfisveitanda, sbr. 7. gr. laga nr. 85/2007. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er í þessu tilviki leyfisveitandi rekstrarleyfis vegna fyrirhugaðrar atvinnustarfsemi. Gististaður í flokki II er skilgreint sem atvinnurekstur og verður slíkur rekstur að samræmast skipulagsáætlunum **hverju sinni**.

Þannig er í 2. gr. laga nr. 85/2007 tiltekið sértaklega um markmið laganna, sem er m.a. að **tryggja allsherjarreglu í starfsemi veitinga- og gististaða og við skemmtanahald og stuðla að stöðugleika í rekstri, sem og að starfsemi falli að skipulagi viðkomandi sveitarfélags hverju sinni**.

Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 skal sýslumaður, við hverja **nýja umsókn** um rekstrarleyfi, leita umsagnar sveitarfélags sem staðfestir m.a. hvort umsótt starfsemi sé í samræmi við skipulagsskilmála svæðisins.

Reykjavíkurborg gefur umsögn í samræmi við ofangreinda lagaskyldu, og veitir þar annað hvort neikvæða umsögn eða jákvæða. Hver umsókn um rekstrarleyfi er skoðuð sjálfstætt hjá sveitarfélaginu og í samræmi við gildandi lög og bindandi skipulagsskilmála, enda ríkir skipulagsskylda á skipulagsyfirvöldum hverju sinni, sbr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og



skal í aðalskipulagi útlista bindandi landnotkunarákvæðum. Sýslumaður er bundinn af umsögn sveitarfélags.

1.2. Aðalskipulag Reykjavíkur, Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar, stefna og markmið.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR2040)¹ er nánar útlistað um markmið skipulagsins, t.a.m. er snertir Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar², samgöngu- og umhverfismál og sjónarmið um vistvæna byggð. Húsnæðisstefna borgarinnar er þannig samofin skipulaginu. Þar hafa verið sett fram skýr markmið og viðmið um staðsetningu, þéttleika og yfirbragð íbúðarbyggðar og framboð og staðsetningu íbúða á hinum almenna húsnæðismarkaði.

Þannig er eitt af meginmarkmiðum AR2040 að tryggja húsnæði fyrir öll, og stuðla að stöðugleika á húsnæðismarkaði og mæta félagslegum markmiðum um húsnæði. Þessum sjónarmiðum eru gerð ítarleg skil í greinargerð og viðaukum með aðalskipulaginu, aðgengilegir hér: <https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-05/vidauki-ar2040-jan2022-loka.pdf>

1.3. Breytingarlög nr. 67/2016 á lögum nr. 85/2007 – rekstrarleyfi gerð ótímabundin

Rekstrarleyfi voru gerð **ótímabundin** með breytingarlögum nr. 67/2016. Enn fremur voru rekstrarleyfi bundin við leyfishafa og ekki framseljanleg, og bundin við hina tilgreindu starfsemi og staðsetningu. Samkvæmt orðanna hljóðan í gilandi lögum er ekki unnt að „**endurnýja**“ leyfi eða umsóknir.

Áður gildandi 11. gr., sem breytt var með lögum 67/2016, heimilaði hins vegar endurnýjun umsókna, „**að þeim tíma loknum**“ og var þá miðað við að rekstrarleyfi hafi verið veitt til fjögurra ára í senn. Eins og þágildandi 11. gr. vísar í má ætla að ákveðin samfella hafi verið grundvöllur endurnýjunar.

Ljóst var af ofangreindu að þegar leyfi hafði runnið út og ekki hafði farið fram „endurnýjun“, skyldi sækja um nýtt rekstrarleyfi á grundvelli gildandi laga. Var þá um að ræða **nýja umsókn** sem færi eftir lögum nr. 85/2007 er varðar málsmeðferð. Þannig gat ekki verið um að ræða endurnýjun á áður útgefnum leyfum, né möguleiki á að endurvekja eða endurskoða umsóknir í þessum skilningi. Eins og gefur að skilja voru mörkin þarna á milli stundum óljós.

Í ljósi þess að leyfi eru nú ótímabundin, hafa þótt enn ríkari kröfur fyrir því að rekstrarleyfi uppfylli skipulagsskilmála og lög, og bæri því að túlka vafatilvik þröngt. Ítarlegri rökstuðningur fylgir nú neikvæðum umsögnum skipulagsfulltrúa, og fylgt er skipulagsskilmálum í hvívetna. Að sama skapi kunna jafnvel að vera enn ríkari ástæður og heimildir til handa leyfisveitanda að afturkalla þegar útgefin rekstrarleyfi, þ.e.a.s. sé grunur á að leyfi hafi verið byggt á röngum upplýsingum, öðrum forsendum, eða ef lög eða skipulagsskilmálar hafa breyst.

Eftir sem áður er endurnýjun leyfa úr sögunni.

¹ Aðalskipulag Reykjavíkur 2040: https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-05/AR2040_utgafa_screen_0.pdf

² Heimasvæði og upplýsingar um gildandi Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar (sótt nóvember 2024): <https://reykjavik.is/carousel/husnaedisaaetlun>

2. Breytingarlög nr. 43/2024 – gististarfsemi í þéttbýli skal vera í samþykkti atvinnuhúsnæði

Breytingarlög nr. 43/2024 á lögum nr. 85/2007, voru lögð fram á Alþingi þann 9. febrúar og tóku gildi 13. maí 2024.

Samkvæmt gildandi lögum skal „**rekstrarleyfis skyld gististarfsemi innan þéttbýlis [að] vera í samþykktu atvinnuhúsnæði**“, skv. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Um breytingarlögin og efni þeirra var fjallað töluvert í fjölmiðlum vorið 2024, sem og á vef stjórnarráðsins. Í tilkynningunni á vef stjórnarráðsins kemur m.a fram að með breytingunum sé **skýrari skil gerð á milli íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis þegar kemur að gistingu, og horft er til raunverulegrar notkunar húsnæðis**. Ofangreind lagabreyting lýsti skýrum vilja kjörinna fulltrúa til að fjölga íbúðum til búsetu. Í framsöguræðu þáverandi ráðherra kom fram:

„Frumvarpið er hluti af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar á framboðshlið íbúðarhúsnæðis, á suðvesturhorni landsins, og liður í því að mæta eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði. Með frumvarpinu er þannig þrengt að þeim skilyrðum sem gilda um útgáfu rekstrarleyfis til gististarfsemi, og tryggt að það verði í samþykktu atvinnuhúsnæði.

Á vef stjórnarráðsins þann 3. maí 2024 sagði meðal annars í tilkynningu frá menningar- og viðskiptaráðherra:

„Því er ekki lengur hægt að kaupa íbúðarhúsnæði í þéttbýli og gera það út sem gististað umfram 90 daga regluna líkt og gerst hefur í miðborginni þar sem jafnvel heilu íbúðablokkirnar hafi breyst í hótél.“

Markmið lagabreytingarinnar má taka saman á eftirfarandi hátt út frá skýringum við frumvarpið:

- tryggja að starfsemi rekstrarleyfis skyldra gististaða falli að skipulagi sveitarfélags hverju sinni.
- raunveruleg notkun húsnæðis falli undir viðeigandi notkunarflokk samkvæmt byggingarreglugerðinni, sem og undir viðeigandi ákvæði reglugerðar um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017.
- álagning skatta verði í samræmi við raunverulega notkun húsnæðis, auk þess að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit, forvarnir og viðbúnað við eldsvoða til verndar lífi og heilsu fólks, eignum og umhverfi.
- breytingin muni auðvelda sveitarfélögum að draga úr frekari uppbyggingu atvinnustarfsemi þar sem slík starfsemi samræmist ekki skipulagi á viðkomandi svæði, ásamt því að
- auðvelda sveitarfélögum að stýra rekstrarleyfis skyldri gististarfsemi innan svæðis þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.



3. Breyting íbúðarhúsnæðis í atvinnuhúsnæði. A-liður 1. gr. og 2. gr. frumvarpsdraganna. Sjónarmið um jafnræði og sömu meðferð.

Reykjavíkurborg tekur undir mikilvægi þess að takmarka þau rekstrarleyfi sem í gildi eru í þéttbýli og eru í íbúðarhúsnæði. Borgin fagnar þeim tillögum frumvarpsins að lögfesta skýrt að slík leyfi falli úr gildi að 5 árum liðnum, eða þann 1. janúar 2031.

Gildandi lög voru ákveðið skref í þá átt að styrkja almennan húsnæðismarkað. Þó var ekki talið tímabært að láta löggin gilda afturvirk, og segir í nefndarálit:

„Nefndin telur mikilvægt að áréttta að frumvarpinu er ekki ætlað að hafa afturvirk áhrif og er það í samræmi við almenn ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og eignarréttindi, sbr. 1. mgr. 72. gr. og 1. mgr. 75. gr. Ef löggjafinn hyggst takmarka atvinnuréttindi með afturvirkum hætti þarf hann að uppfylla skilyrði um almannahagsmuni og almannaheill. Nefndin telur ljóst að vægari úrræði séu til staðar til að ná sama markmiði sem beri að fullreyna áður.“

Eins var sérstaklega tekið á ofangreindu í stjórnarfrumvarpinu, sem eflaust kemur nefndinni á ofangreinda niðurstöðu:

*„Verði frumvarpið að lögum mun það ekki hrófla við þegar útgefnum rekstrarleyfum fyrir gististarfsemi, sem eru 1.907 á landsvísu og gefin út á kennitölu einstaklings eða félags. **Rétt er að geta þess að rekstrarleyfin eru á engan hátt framseljanleg, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna.**“*

Í þessu samhengi ber þó að benda á það að þó leyfi séu „á engan hátt framseljanleg“, skv. 11. gr. gildandi laga, þá er raunin sú að leyfi eru yfirleitt gefin út á kennitölu lögaðila. Ef einstaklingur eða þinglýstur eigandi selur eignina eða fellur frá, þá heldur rekstrarleyfið samt gildi sínu. Rekstrarleyfi geta því gilt langt fram yfir aldur forsvaraðila og getur verið um verulegan tíma að ræða. Þetta hafa rekstraraðilar nýtt sér, og í dag eru nánast öll rekstrarleyfi gefin út á kennitölu lögaðila og ganga kaupum og sölum með fasteignunum.

Þetta fyrirkomulag grefur undan markmiði laga nr. 43/2024, og ýtir enn meira undir að það þarf að endurskoða þá niðurstöðu sem byggt er á í frumvarpi og nefndarálit með lögum nr. 43/2024. Reykjavíkurborg tekur undir það að ekki var tímabært að láta þau lög gilda afturvirk, og ekki sé tilefni til þess almennt. Sú leið sem farin er í frumvarpsdrögunum, að tímabinda rekstrarleyfi (5 ár), þ.e.a.s. þau leyfi sem ekki eru í samræmi við gildandi lög (rekstrarleyfi á íbúðarhúsnæði í þéttbýli), getur ekki talist ganga gegn atvinnufrelsi eða eignarréttindum að mati borgarinnar. Mætti frekar benda á að málsmeðferð við tiltekna atvinnustarfsemi sé leiðrétt, og henni ýtt í samræmda málsmeðferð við útgáfu rekstrarleyfa, og miðað við gildandi lög. Þau 5 ár, sem frumvarpsdrögunum er ætlað til tímabindingar, telur Reykjavíkurborg sanngjarna niðurstöðu og tryggja ákveðið meðalhóf, fyrirsjáanleika og sveigjanleika fyrir þá rekstraraðila sem tímabindingin á við um.

Það er mikilvægt að mati Reykjavíkurborgar að gæta jafnræðis á milli rekstraraðila, þannig að rekstraraðilar með leyfi fyrir gististað í flokki II, þurfi allir að uppfylla sömu skilyrði, sæta sömu lögum og skipulagsskilmálum. Hið sama á við um rekstraraðila gististaða í flokki III og IV.



Þannig ætti ekki að gera þarna greinarmun á, þ.e.a.s. að tiltekinn hluti rekstraraðila gististaða í flokki II sæti endurskoðun, á meðan annar hluti þeirra sæti nýrri umsókn og fullu umsóknarferli. Þannig er mikilvægt að mati Reykjavíkurborgar að taka hér af allan vafa og að frumvarpsdrögin hverfi frá ofangreindri aðgreiningu. Reykjavíkurborg tekur því ekki undir a-lið 1. gr. laganna, og telur ekki eiga að gera þarna greinarmun á. Þannig gæti komið til skoðunar að endurorða 2. gr. frumvarpsins, til að taka hér af allan vafa og gæta jafnræðis. Unnt væri að halda því inni að tímabinda þennan hluta rekstrarleyfa við 1. janúar 2031, en að þeim tíma liðnum verði það gert skýrt að rekstraraðilar þurfi að leggja inn nýja umsókn.

Markmið laga nr. 43/2024 var skýrt að þessu leytinu til, og vilji löggjafans skýr. Gististarfsemi innan þéttbýlis er atvinnustarfsemi, sem ber að stunda í samþykktu atvinnuhúsnæði. Ef landnotkunarskilmálar heimila þessa starfsemi, þarf skráð notkun eignar að samræmast því. Ef íbúðareigandi vill stunda slíka starfsemi, og þannig breyta notkun hússins úr því að hafa þar fasta búsetu yfir í að vera rekstur á samkeppnismarkaði, verður sá eða sú sama að sækja um byggingarleyfi fyrir breytttri notkun. Gististarfsemi er atvinnustarfsemi sem er bæði háð rekstrarleyfi leyfisveitanda og starfsleyfi heilbrigðisnefndar, og slík starfsemi, með fyrirhuguðum grenndaráhrifum, ætti ekki að stunda í íbúðarhúsnæði í þéttbýli.

Eftir sem áður er heimagisting heimiluð, sem og leiga á almennum markaði. Slíkt fyrirkomulag heldur eftir ákveðnum sveigjanleika fyrir eiganda fasteignar til að afla sér aukatekna.

4. Endurnýjun, endurvakning og endurskoðun

Reykjavíkurborg tekur undir það sem er útlitað í 3.2. kafla greinargerðar með frumvarpsdrögunum, og þær áskoranir sem ótímabinding rekstrarleyfa hefur haft í för með sér, þó því fylgi einnig ákveðin hagræðing og fyrirsjáanleiki. Reykjavíkurborg tekur einnig undir 5. gr. frumvarpsdraganna, þar sem að mati Reykjavíkurborgar er tekinn er af allur vafi af því að þau rekstrarleyfi í íbúðarhúsnæði sem ná að halda gildi sínu til 1. janúar 2031 verði **ekki** unnt að endurnýja, endurskoða eða endurvekja. Þannig má ætla samkvæmt orðanna hljóðan að ekki sé unnt að endurnýja, endurvekja eða endurskoða umsóknir, umsagnir né rekstrarleyfin sjálf. Verði þannig ávallt **um nýja umsókn** að ræða, eins og segir orðrétt í 5. gr. frumvarpsdraganna:

„Að þeim tíma liðnum skal sækja um nýtt rekstrarleyfi á grundvelli laganna sé ætlunin að halda áfram rekstri.“

Ný umsókn ætti þá að vera tekin fyrir á grundvelli gildandi laga og skipulagsskilmála og hljóta þar viðunandi málsmeðferð, eins og lýst er hér að framan, þ.e.a.s. ef rekstraraðili hyggst halda áfram rekstri á því fasteignanúmeri.

Þó Reykjavíkurborg telji efni frumvarpsins vera skýrt að þessu leyti, og andi frumvarpsins og markmið laga nr. 43/2024 einnig lýsa ofangreindu, þá bendir Reykjavíkurborg á að það kynni að vera betra að nota annað orðalag en „endurskoðun“ í 3. kafla í greinargerðar með frumvarpinu, og þá til að taka af allan vafa.

Mikilvægt er að mati Reykjavíkurborgar að hverfa ekki aftur í hugtökin endurnotkun, endurvakning eða endurskoðun, þar sem sú hugtakanotkun og heimildir eldri laga til



endurnýjunar hafa oft verið vandkvæðum bundnar við umsagnargerð, og skilin á milli nýrrar umsóknar og endurnýjunar hafa verið óskýr.

Endurvakning umsagnar, þar sem rekstraraðilum hefur verið gefinn ákveðinn tími til að bæta úr annmörkum, getur einnig verið óskýr. Meðalhófsreglan réttlætir vissulega einhvern frest til úrbóta, en þegar úrbótum er ekki sinnt og frestur er orðinn það umtalsverður að skipulag og lög breytast á meðan, ætti að setja umsókn í nýtt umsóknarferli. Í 24. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er tekið á þessu að einhverju leyti, þar sem skýrt er að þrátt fyrir að umsækjandi uppfylli ekki skilyrði 3. mgr. Um tilgreiningu fasteignanúmers, er leyfisveitanda heimilt í sérstökum tilvikum að gefa út rekstrarleyfi með þeim skilyrðum að úr annmörkum verði bætt innan tiltekins frests. Er það eina tilvikið sem heimilar slíkan frest.

Að þessu sögðu mætti skilgreina betur hvenær umsókn er lögð inn hjá leyfisveitanda, það er hvaða dagsetning umsókn er sannanlega móttækin. Þannig þyrfti að tryggja að umsókn sé ekki móttækin til meðferðar fyrr en öll skilyrði 9. og 10. gr. laga nr. 85/2007 séu uppfyllt, sem og skilyrði 24. og 25. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Það er t.d. nauðsynlegt að með umsókn fylgi með nákvæm, samþykkt og gildandi teikning af húsnæði, sem lýsi hver sé skráning húsnæðis.

Mikilvægt er einnig að þau sem selji gistingu hefji ekki rekstur fyrr en málmeðferð hefur að fullu verið lokið og leyfi útgefið. Það hefur borið á því að uppbyggingaraðilar séu byrjuð að selja gistingu áður en málsmeðferð er lokið. Skapar það ákveðinn þrýsting á hraða málsmeðferðar sem þarf að varast, sérstaklega þar sem leyfi eru ótímabundin.

5. Álagning fasteignaskatts – mikilvægi jafnræðis, tilkynningaskyldu og eftirlits.

Kveðið er á um álagningu fasteignaskatts í II. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laganna er það í höndum sveitarstjórna að ákveða fyrir lok hvers árs skatthlutfall innan þeirra marka sem greinir í staflíðum a til c í ákvæðinu.

Þá er það í höndum byggingarfulltrúa að ákveða hlutfallslega skiptingu milli gjaldflokka þegar það á við, sbr. 6. gr. sömu laga.

Reykjavíkurborg telur mikilvægt að í frumvarpinu sé litið til þess að Reykjavíkurborg, líkt og önnur sveitarfélög, beri skylda til að samræma og leiðrétta álagningu vegna fasteignaskatts í samræmi við raunverulega nýtingu fasteignar og gæta **jafnræðis** milli rekstraraðila gististaða í flokki II.

Með breytingu á lögum nr. 85/2007, sem tóku gildi 13. maí 2024, er nú áskilið að gististarfsemi í flokki II fari fram í skráðu atvinnuhúsnæði. Sú breyting fól í sér tilefni til að yfirfara afmörkun skattaflokka skv. 3. gr. laga nr. 4/1995, samræma álagningu og leiðréttu, þar sem þarf. Slíkar leiðréttingar stuðla að **jafnræði, gagnsæi og réttmætum væntingum** rekstraraðila, í samræmi við gildandi lög og vandaða stjórnsýsluhætti.

Þá vill Reykjavíkurborg áréttu mikilvægi **tilkynningarskyldu** sýslumanns til sveitarfélaga og að sú skylda sé skýr og virk, svo sveitarfélag geti leiðrétt álagningu vegna fasteignaskatts á réttum forsendum. Af því tilefni leggur Reykjavíkurborg til breytingar á 11. og 12. gr. laga nr. 85/2007. Lagt er til að nýir málslíðir bætist við báðar greinar þar sem leyfisveitanda (sýslumanni) verði gert skylt að tilkynna viðkomandi sveitarfélagi annars vegar um veitingu rekstrarleyfis (11. gr.) og hins vegar um breytingar á rekstrarleyfi eða leyfishafa (12. gr.).



Það er nauðsynlegt að sveitarfélög fái slíkar tilkynningar frá leyfisveitanda svo þau geti uppfært skattflokk fasteignagjalda á réttum tíma á viðkomandi eign. Slík breyting mun styrkja stjórnsýslulega framkvæmd og stuðla að jafnræði milli leyfishafa.

Að lokum telur Reykjavíkurborg brýnt að styrkja **eftirlitshlutverk** leyfisveitanda.

Lagt er til að skerpt verði á að sýslumaður, sem leyfisveitandi, gegni virku eftirlitshlutverki með veitingu og breytingum á rekstrarleyfum, auk þess sem hann fylgi eftir þeim tilkynningarskyldum sem fram koma í 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna, um tafarlausa tilkynningu frá leyfishafa þegar fyrirhugað er að breyta eða hættastarfsemi.

6. Niðurstaða

Reykjavíkurborg telur að til að tryggja jafnræði í rekstri þurfi öll rekstrarleyfisskyld gististarfsemi að lúta skilyrðum 1. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Ef frumvarpinu er ætlað að takmarka rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II í þéttbýli til 5 ára, nánar tiltekið 1. janúar 2031, munu rekstraraðilar að þeim tíma loknum þurfa að leggja inn nýja umsókn til leyfisveitanda. Fer um þá umsókn eftir gildandi málsmeðferð, lögum og skipulagi.

Samræmd framkvæmd rekstrarleyfa stuðlar að auknu jafnræði, gagnsæi og réttmætum væntingum rekstraraðila og nágretta, sem og síðari eigenda fasteignanna, og er í fullu samræmi við anda nýrra laga nr. 43/2024, atvinnufrelsi og eignarétt, og vandaða stjórnsýsluhætti.

Reykjavíkurborg telur það einnig sem mikilvægan hluta þess að tryggja jafnræði í rekstri að lögfesta tilkynningarskyldu leyfisveitanda til sveitarfélaga um stofnun, breytingu eða niðurfellingu rekstrarleyfa, svo sveitarfélög geti í framhaldi leiðrétt álagningu fasteignaskatts á réttum forsendum og gætt þannig að jafnræði milli leyfishafa.

Þá skipti það einnig máli fyrir jafnræði leyfishafa að skerpt verði á heimild sýslumanns, sem leyfisveitanda, til eftirlits með málflokknum.

Virðingarfyllst,

f.h. Reykjavíkurborgar

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Fjármála og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar